



# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1949, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Lýðveldisflokkur Íslendinga – Nýtt kirkjublað – Skólablaðið – Jón Dúason – Jón Jensson – Ingólfur – Geislar af lifandi ljósi – Charles W. Penrose – Hvað er mormónska – Eggert Jochumsson – Minni verslunarstéttarinnar – Hannes S. Blöndal – Jón Laxdal – Nýtt kvennablað – Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn – Hanna Granfelt – Fylluljóð hin nýju – Betænkning (Einungis bókarkápa sýnd hér, 166 bls.)

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Benediktarskjöl  
Askja 5-17, Örk 1

# NÝTT KVENNABLAÐ

5. árg., 4. blað. Apríl—Maí 1944.

## Efni:

Fimmtiu ára minning Hins íslenzka kvenfélags.  
(Ragnhildur Pétursdóttir).

Blómsturkarfan, kvæði.  
(Ingveldur Einarsdóttir).

Pjóðaratzkvæðagreiðslan og lýðveldið.  
(M. J. K.).

Ingibjörg Bergsveinsdóttir.  
(Theódóra Daðadóttir).

Frú Ingibjörg Þorsteinsdóttir Stephensen.  
(S. E.).

Landsfundurinn.

Mamma, kvæði. (Ingibjörg Sumarliðadóttir).

Saga, Úr bréfum frá lesendum o. m. fl.



Drengjafataefni

*alltaf fyrirliggjandi.*

GEFJUN - IÐUNN

REYKJAVÍK

Vér seljum í heildsölu  
margskonar landbúnað-  
arafurðir

## Samband íslenzkra samvinnufélaga

Sími 1080

Kynnið yður vinningaskrána.

1 vinningur á 75.000 kr.
2 vinningar á 25.000 kr.
3 vinningar á 20.000 kr.
6 vinningar á 15.000 kr.
1 vinningur á 10.000 kr.
11 vinningar á 5.000 kr.
50 vinningar á 2.000 kr.
175 vinningar á 1.000 kr.
326 vinningar á 500 kr.
1600 vinningar á 320 kr.
3825 vinningar á 200 kr.

6000

Aukavinningar:

4 á 5.000 kr.
25 á 1.000 kr.

6029

## Happdrætti Háskóla Íslands

Sala hlutamiða er hafin.

Verð miðanna er: 1/1 12 kr., 1/2 6 kr.,  
1/4 3 kr.

Vinningar 6000 — aukavinningar 29.  
Samtals

**2,100,000 krónur.**

**Enginn vinningur lægri en 200 kr.**

**Hæsti vinningur 75,000 kr.**

## Húsmæður!


Nú fást aftur allar tegundir af hinum ljúffengu

### REKORD-búðingum:

Romm  
Appelsin  
Citron  
Ananas  
Hindberja  
Súkkulaði  
Vanille  
Möndlu.



Fást í öllum búðum.



## H/f Sjóklæðagerð Íslands

Reykjavík

### Framleiðir neðantaldan varning:

Almenn, gul olíuklæði fyrir karlmenn. — Svartar olíukápur fyrir karla og drengi. — Vinnuvetplinga, blá og rauð fit. — Rykfrakka ýmiskonar, fyrir karla og konur. —

## H/f Sjóklæðagerð Íslands

Reykjavík


Vanar  
saumastúlkur  
óskast.

Ennfremur  
hjálparstúlkur  
og  
lærlingar.

Gott kaup.

## Saumastofan „GULLFOSS“

Vesturgötu 3.



Fallegir

## Kvenskór

í ágætu úrvali.

Allt nýjasta  
tízka frá Ameríku.

Ennfremur mikið úrval af inniskóm  
fyrir kvenfólk og börn.

Lárus G. Lúðvigsson



Falleg málning  
er bezta hibýlaprýðin.  
Þegar búið er að mala húsin  
utan sem innan,  
ríkir sólskinið á heimilinu.

**Litir & Lökk**  
MALNINGARVERKSMIÐJA



Bezta eignin

og

bezta gjöfin

er

**líftryggingarskírteini.**

Sjóvátryggingarsíða Íslands

**ESSO**

Hús freyjur!

Munið að nota heima og heiman

„SÓLARLJÓS“ steinolíu  
til ljósa  
og á olíu-suðuvélar  
yðar.

**Hið íslenzka steinolíuhlutafélag**

# NYTT KVENNABLAD

Ragnheiður Pétursdóttir:

## Fimmtiu ára minning hins íslenzka kvenfélags.

Í fundarbók Hins íslenzka kvenfélags segir svo:

„Hinn 26. janúar 1894 var fundur haldinn í Goodtemplarhúsinu í Reykjavík. Til fundarins höfðu boðað 8 konur í Reykjavík, til þess að koma á samskotum til styrktar háskóla á Íslandi.

Á fundinum mættu hér um bil 200 konur úr Reykjavík og af Seltjarnarnesi. Tryggvi Gunnarsson var fundarstjóri og lýsti tilgangi fundarins, en Þorvaldur Thoroddsen hélt langan fyrilestur um háskóla í ýmsum löndum. Þorbjörg Sveinsdóttir hélt langa ræðu um málið. Fundurinn ályktaði í einu hljóði að safna gjöfum og efna til hlutaveltu, sem halda átti næsta haust. — Í nefnd voru kosnar 18 konur, sem áttu að hafa allar framkvæmdir i þessu mikla máli. Pessar konur voru kosnar:

Sigþrúður Friðriksdóttir, Kristjana Hafstein, Jarþrúður Jónsdóttir, Valgerður Björnsson, Þorbjörg Sveinsdóttir, Sigriður Eggerz, Anna Petersen, Kristjana Thorsteinsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Marta Pétursdóttir, Þóra Thoroddsen, Kristín Einarsdóttir, María Kristjánsdóttir, Elinborg Kristjánsson, Ingibjörg Grímsdóttir, Ingunn Hansdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Þrjár konur til vara: Kristín Arason, Þorbjörg Haflidadóttir og Sigriður Magnúsdóttir.“

Eftir að hafa lesið fundarbækur Hins Íslenzka kvenfélags og hugsað um fundarsamþykktir félagsins, finnst mér þessi hreyfing, sem ris hér í bæ i ársbyrjun 1894 vera andmæli gegn þinginu, sem þá hafði oft fellt frumvarp um að stofna háskóla á Íslandi. En mótmælin gegn bessari neitun Alþingis kom frá þeim konum, sem Jón biskup Helgason segir svo réttilega í sögu sinni um Reykjavík, að hafi sett svip á bæinn. — Það gerist hér úti á Íslandi það sama og gerzt hafði nokkurum tugum ára áður í

Bandaríkjum Ameriku, að konurnar risa upp og berjast fyrir frelsi annara. Þar byrjaði kvenfrelsisbaráttan á því, að konur tóku sterkan þátt í því að þrælahaldið yrði afnumið. Hér er fyrsta pólitiska kvenfélagið stofnað til aukinnar háskólamenntunar og þá sérstaklega laganenntunar.

Þetta sýnir glöggjt stórhug þessara kvenna. Að byrja starf sitt með því að auka andlegt frelsi þjóðarinnar. Það var samboðið upphafstarfsemi kvenréttindanna á Íslandi.

Það var viturlega skipað í 18 kvenna nefndina. Háyfirdómarafriðin var kjörin forseti. Hún hafði efni góð og góð húsakynni. Hún var höfðingi í lund og fyrirmannleg að vallarsýn. Um hana hlutu konur bæjarins að fylkja sér. Varafersetinn Þorbjörg Sveinsdóttir hefir efalaust átt mikinn þátt í þessari hreyfingu. Eldheit og áköf fylgiskona hvers þess máls, sem hún áleit að væri þjóð sinni til frama og velferðar. — Elinborg Kristjánsdóttir, systir frú Sigþrúðar Friðriksdóttur og móðir frú Kristinar Vidalin Jacobsson var höfðingi, sem ekki átti marga sína líka. Og svona mátti segja um þessar konur, sem kosnar voru í stjórn háskólanefndarinnar.

Það hefir verið stór fundur 1894 þar sem 200 konur voru saman komnar í einu. Og allar voru á sama máli um að hefja fjársöfnun til að koma upp háskóla á Íslandi. Og málið átti að ná til allrar þjóðarinnar. — Ég býst við því, að bak við þetta mál sé pólitik sú á Alþingi, að hvað eftir annað hafði verið fellt frumvarp um stofnun háskóla á Íslandi. En flutningsmaður þess frumvarps var Benedikt sýslumaður Sveinsson, bróðir Þorbjargar Þjósmóður.

Ekki finnst mér ég ganga þess dulin, að forystukonum að þessari vakningu hafi verið það ljóst, að þær með þessari fjársöfnun yrðu

ekki þess megnugar að reisa háskóla á Íslandi, hvað góðar sem undirtektir yrðu. — Enda kemur strax fram sú ákvörðun forseta nefndarinnar, eftir að vist var hvað inn hafði komið fyrir happdrættið og hlutaveltuna, að féð skuli lagt í sjóð. Sá sjóður á að verða til styrktar stúlkum, sem ganga á háskóla Íslands.

Það sterka afl, sem lá á bak við þessa stóru hreyfingu, var að mótmæla ihaldssemi og trúleysi löggjafans á mátt og dug þjóðarinnar.

Það hefir þurft eldheita sál, og forsjála vegvisá forystu, sem kom hreyfingunni af stað og valdi í nefndina. En hana finnum við í Þorbjörgu Íjósmóður Sveinsdóttur. Hún var varaforseti. Háyfirdómarafraðin var forseti. Ljósmóðirin, sem allsstaðar kom, til ríkra og fátækra, eldheit og áköf, en svo ljúf og þýð og kærleiksrik. Þetta voru réttu konurnar. Og það stóð ekki á því að aðrar konur komu með. 200 konur á fyrsta fundi. Tryggi Gunnarsson fundarstjóri. Og fleiri ágætismenn voru reiðubúrir að hjálpa þeim í starfi. —

Ágóðinn að hlutaveltunni og happdrættinu var 1763 krónur. Var sjóðurinn í mörg ár í vörzlum Tryggva Gunnarssonar, en var afhentur Háskóla Íslands, þegar hann tók til starfa. Var hann þá orðinn 4000 krónur.

Það verður ljóst við lestar fundarbókar Hins íslenzka kvenfélags, að þegar konur fara að koma saman á fundi, þá eru málín mörg og vandasöm, sem þær vilja skipta sér af, og skipta sér af. Eg skal nefna nokkur: bindindismálið, laugakeyrslan, fjármál giftra kvenna. Og svo síðast en ekki sízt krafan um kosningarátt og kjörgengi kvenna og að konur fengju öll sömu réttindi og karlmenn.

Ólafia Jóhannsdóttir er kosin til þess að mæta á Pingvallafundi 1895. Þá var síður, að þjóðin kysi fulltrúa til að halda fund á Pingvöllum og ræða þar vandamál og senda síðan ályktanir til hins háa Alþingis. — Það var á slikan fund, að Hinu íslenzka kvenfélagi fannst sér skylt að senda fulltrúa. Fulltrúinn átti að bera fram fjögur mál, eða leggja þeim lið á þann hátt, sem þótti bezt henta: **kvenréttindamálið, háskélamálið, stjórnarskrármálið og bindindismálið.** — Sama ár sendi Hið íslenzka kvenfélag áskorun til Alþingis um að konur fengju rétt til að njóta kennslu í Latinuskólanum til jafns við pilta, að hjúskaparlögin séu endurskoðuð, og að konur fái rétt jafnt og karlmenn til að kjósa í hreppsnefndir og síðast en ekki sízt að konur



Porbjörg  
Sveinsdóttir,  
ljósmóðir.

fengju kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Í nefnd þeirri, sem áskorun þessa samdi voru Ólafia Jóhannsdóttir, Elinborg Kristjánsson og Jarþrúður Jónsdóttir.\*)

Pessi sterka félagshreyfing, sem var fyrst og fremst bundin við háskólamálið, hefir efalaust haft mikla þýðingu fyrir þjóðina. Það er trúlegt að þessi alda hafi ýtt undir konur úti um land að stofna kvenfélög og mér er kunnugt, að kvenfélagið á Húsavík er stofnað í sambandi við þessa hreyfingu.

Fundir félagsins eru fjölmennir og skemmtilegir. Áhuginn fyrir þjóðarmetnaðinum, þjóðarmenningunni, lýsir sem bjartur þráður gegnum fundargerðirnar. Pess vegna vilja þær koma á sýningum og útsölum á handavinnu, að það mætti auka vandvirkni og fjölbreytni í heimavinnu kvenna. — Bindindi vildu þær koma á fyrir konur og börn til þess að bæta heimilin. Og Íjósmæður þekktu bölið, sem ofdrykkjunni fylgir, en þær taka það fram í fundargerðunum, að ofdrykkjukonur séu fáar.

Þær voru stórhuga og ákafar konurnar í Hinu íslenzka kvenfélagi að leggja góðum málum lið. — Fjársöfnunin til háskólans hafði borið góðan árangur. Því skyldu þær ekki reyna aðra fjársöfnun. Þeim var kunnugt um að sjúkrasjóðir voru starfandi í Danmörku. Þær höfðu kynnt sér starfsemi þeirra. Þær þekktu þörfina fyrir slika sjóðstarfsemi hér á landi. Og þær voru á einu máli um það, að færí félagið út í fjársöfnun á ný, þá yrði það fé sem safnaðist, að mynda sjúkrasjóð fyrir allt landið. Sjúklingsar, sem leituðu læknishjálpar til Reykjavíkur skyldu njóta styrks úr honum. Sjóðnum var því strax fyrirhugað nafn: **Sjúkrasjóður Íslands.** — Félagssystrum Hins íslenzka kvenfélags verður vel til allskonar hjálpar við fjársöfn.

\*) 2348 konur víðsvegar á landinu skrifuðu undir áskorun þessa.



Sigþrúður  
Friðriksdóttir,  
dómstjórafrú.

unina. Þær halda skemmtikvöld. Söngfélög og lúðrafélög hjálpa þeim að halda skemmtun. Eins er með hlutaveltur, þeim verður vel til með gjafir á þær. „Sjúkrasjóður Íslands“ eykst ár frá ári. Hann verður nokkur þúsund krónur. Það er samin skipulagsskrá og hann tekur fljótt til að styrkja sjúklinga, sem hingað koma, til dvalar á sjúkrahúsum.

Priðji sjóðurinn, sem félagssystur Hins íslenska kvenfélags stofna, er til styrktar fátækum einstæðingskonum, sem ekki þiggja af sveit. Hann hlaut nafnið Styrktarsjóður Hins ísl. kvenfélags.

Báðir þeir sjóðir, sem nú hafa verið taldir, hafa í mörg ár veitt styrki á þeim grundvelli, sem áður er getið. Frú Katrín Magnússon arfleiddi Styrktarsjóðinn að 5000 krónum og Halldóra Álfsdóttir að 900 krónum. Sjóður þessi er nú kr. 17.884.86. Á þessu ári hefir hann gefið 680 krónur fátækum konum. — Sjúkrasjóðurinn hefir á seinstu árum beint styrkjum sinum meira til fátækra félagssystra. Lyfsali gaf þessum sjóði við brotflutning sinn úr Reykjavík kr. 2000.00. Nú er sjóðurinn kr. 17.460.55. Veitt á þessu ári úr sjóðnum kr. 500.00.

Prátt fyrir þennan dugnað við að safna sjóðum og umhyggju fyrir þeim, sem erfitt eiga, þá er félagið vakandi um kvenréttindamálið. 2. ágúst 1897 tekur það þátt i þjóðminningardeginum, gengur i skrúðgöngu undir sinum eigin fána, bláum, með hvítum krossi. Það hafði sitt eigið veitingatjald. — Á fundinum eru fræðandi fyrirlestrar. Steingrimur Thorsteinson heldur fyrirlestur um þjóðkvæði miðaldanna. Einar Hjörleifsson les skáldsögu, Jón sagnfræðingur syngur og Brynjólfur Þorláks-son spilar og félagskonur eru árvakrar og leggja sitt pund ríkulega fram. En við lestur fundargerðanna finnst mér mest bera á þeim Þorbjörgu og Ólafiu sem leiðandi krafti félagsins.

Þorbjörg sí-hvetjandi til framtaka — og ástar á landinu, trúar á landið, „en allt verði að byggjast á trúnni á hinn alvalda Guð og Jesú Krist“. Án trúar sé allt einskis virði. —

Í fundargerð félagsins 1901 segir svo: „26. janúar var 7 ára afmæli félagsins. Þá léku félagskonur sjónleik og frú Anna Petersen og Elisabet Steffensen sungu og spiliðu. En Þorbjörg Sveinsdóttir las aldamótakvæði Hannesar Hafsteins og hélt hjartanlega ræðu og óskadí þjóð sinni heilla og blessunar á nýju öldinni.

Félagið lætur sig skipta ræktunarmál bæjarins, skreytingu bæjarins aldamótakvöldið, húsbyggingu hugsar það sér og margt fleira.

Frh.

*Ingveldur Einarsdóttir:*

### *Blómsturkarfan.*

*Eg valdi blómsturkörfu, því „blómsturkarfan“ þín var bók, sem einna fyrst skildi æskusálin míni. Í sumarkveðjuskyni, hún ber þér blómin nett, og blómavinur hefur þau, fyrst á pappír sett.*

*Við óskum þess, að sumarið græði um grafir þær, sem gróf og fyllti veturninn, bæði fjær og nær. Að vona alls hins besta, en vita ekki hót, er vorblóminu líkast, sem hófir sólu móti.*

*Pó aftur komi vetur, og annar vetur til, og ellin komi að lokum, og gjöri sömu skil. — Eg vona samt að karfan þín, verði aldrei tóm, svo vinir þínir fái þar ofurlitil blóm.*

Kindurnar ganga að læknum til að drekka af vatni hans, en börnin til að hlýða á söng hans.

★

Rökkrið er minning dagsins um bjarta ást sólarinnar.

★

Kvæði er eins og lind, sem tekur ekki til að streyma fyrr en regnið er um garð gengið.

★

Hugsanir minar eru eins og smærósir í lofti á haustdegi, þær bráðna áður en þær ná til jarðar.

(Jóh. Sigurjónsson).

## Þjóðaratkvæðagreiðslan og lýðveldið.

Atkvæðagreiðslan um niðurfellingu dansk-islenzku sambandslaganna og slofnun lýðveldis á Íslandi er um garð gengin. Þjóðin hefir svarað þeirri spurningu fyrir sig og niðja sína í ókomna ættliði, hvort hún óskar að lifa sjálfstæð og öðrum óháð í framtíðinni, eða hvort hún kýs heldur að vera taglhñýtingur erlendra þjóðhofðingja.

Svarið getur ekki hugsast nema eitt: Sem frjáls þjóð viljum við lifa í landinu, sem guð gaf forfeðrum okkar, og engin önnur þjóð hefir átt á undan okkur. Sem sjálfstæðu lýðveldi viljum við skila því til eftirkomendanna.

Þátttaka í atkvæðagreiðslunni var svo góð að í fjölda mörgum sveitum landsins kaus hver einasti maður, sem atkvæðisbær var. Slikt ber vott um þann þjóðernisþroska og einhug, sem hverri þjóð er nauðsynlegur, vilji hún teljast sjálfstæð.

Dagarnir 20.—23. maí eru liðnir, dagar, sem ætið verður minnzt í sögunni, meðan islenzk tunga er tölud og islenzkir menn byggja þetta land. En einmitt nú er hollt að hugleiða hvers virði frelsi og sjálfstæði er mannkyninu, frelsi, þetta dýrmæta hnoss, sem gervallur heimurinn berst fyrir og þjóðirnar fórnar hjartablóði barna sinna.

Til að öðlast það höfum við Íslendingar ekki þurft að heyja blóðugar orustur, ekki örkuðlast i sprengjuregni eða kveljast í dyflissum og fangabúðum: Við þurftum ekki annað en ganga að kjörborðinu og setja two krossa á litið blað. En þessir tveir einföldu krossar eru ekki einskisvirði. Peir tákna sjálfstæði föðurlands okkar. Peir merkja vilja okkar til manndóms og dáða.

Og höfum það hugfast, að þótt sjálfstæð landsins hafi nú orðið okkur léttkeypt, þá faer engin þjóð varðveisst frelsi sitt, nema hún sé fús að færa þungar fórnir. Á orustuvelli hins daglega lífs vinnum við sigra framtíðarinnar eða bíðum ósigur. Í þeirri baráttu verður hver Íslendingur, ungar og gamall, karl og kona, að vera reiðubúinn til að leggja fram alla krafta sína og gera sitt bezta.

M. J. K.



**Ingibjörg  
Bergsveins-  
dóttir.**

Hún Ingibjörg í Fagurey var engin miðlungskona. Mér fannst ávallt, þar sem hún kom inn með sinu festulega yfirbragði og fasleysi, að rúmið fylltist, svo mikill gerðarþokki stóð af henni.

Hún var Bergsveinsdóttir, Ólafssonar, og Ingveldar Skúladóttur, var hún af hinni merku Svefneyjarætt. Fædd var hún á Skarði á Skarðsströnd 1. júlí 1866. En æskuskónum sleit hún í Bjarneyjum á Breiðafirði. Þar bjuggu foreldrar hennar, og þar bjó hún sin fyrstu búskaparár með bóna sinum, Jóni Skúlasyni frá Fagurey á Breiðafirði, en þau hjón voru þremenningar að frændsemi. Þar reis líka fyrsti brotsjórinn yfir lífsfley hennar, er faðir hennar og bróðir drukknuðu rétt við landsteinana, voru að koma úr kaupstaðarferð úr Stykkishólmi í misindisveðri, hafði Ingibjörg þá degi áður alið bóna sínum son. Var því viðbrugðið, af hve mikilli stilling Ingibjörg hafði tekið harmafregninni, ekki sít þar sem óvenju kært var með þeim feðginum.

Foreldrar Ingibjargar voru efnalitil, enda börnin mörg, var hún því ekki sett til mennta. En ung fór hún til föðursystur sinnar, Þorbjargar í Flatey, sem var kvenskörungur mikill, og nam hjá henni ýmsar handiðnir, og var æ síðan sérlega kært með þeim frændkonunum. Þetta var nú hennar lærðómur fyrir lifið, ásamt þeim góða heimilisbrag, sem var í föðurhúsum, sparsemi, þrifnaði, vinnusemi og göfugum talsmáta. Ingibjörg varð afburða húsmóðir, afkastasemin var frábær, ekkert handtak virist fara til ónýtis, matargerð sem önnur störf með ágætum og stjórnsemin framúrskarandi. Vel var hjúum

veitt, því þau hjón kunnu því bæði jafnvel og Ingibjörg átti því láni að fagna að hafa aldrei skort í búri. Bóndinn og formaðurinn Jón Skúlason var aflasæll til lands og sjávar.

Ung fluttust þau hjón til Fagureyjar og bjuggu þar æ síðan, bar til Jón lézt eftir langvarandi heilsuleysi 1929. Fimm barna varð þeim hjónum auðið og fjögur börn að auki fóstruðu þau að nokkru eða öllu. Mörg er búmannsraunin, segir gamalt máltaeki. Það er m'kið verk að vera húsmóðir á mannmörgu heiðaíli og vera húsmóðir með prýði, — en það var Ingibjörg. Ég ætla mér ekki að rekja neitt af hennar búmannsraunum, slikt hentaði henni sízt. Konan hafði aldrei vanið sig á æðrur, en af sinum heila hug og með sinum öruggu höndum komst hún fram úr hverjum vanda. Býst ég þó ekki við, að hún hefði tekið sér orð skáldsins í munn: Löngum var ég læknir minn o. s. frv. því henni fannst ávallt, að menntunarleysið væri sér þrándur i gótu og mikið vanta á, að hún kynni það, sem húsmóður bæri og væri nauðsyn á að vita, enda átti hún sjaldan svo annrikt, að hún tæki sér ekki bók i hönd einhverntíma sólarhringsins. Bókakostur líka allgóður á heimilinu.

Ingibjörg var hlédræg á mannamótum, en hjartans glöð og ræðin í kunningjahóp, afskiptalaus um annara hagi, en föst í skoðun og trygglund, og ævinlega var þar til manns að moka, ef eitthvað bjátaði á.

Ingibjörg var mikil að vallarsýn, en fráleitt talin frið kona af ókunnugum, dálitið lotin í herðum, hárið orðið þunnt, en hvitu, liðuðu lokkarnir fóru svo fallega á göfugu höfði hennar og samsvöruðu svo vel allri hennar framkomu, að maður fann, að þar fór tigin kona. Notakennd greip okkur alltaf, nágrenna Ingibjargar, þegar bátar okkar stungu stafni við Fagurey, og gott var að koma upp í hlýlegu, hreinu baðstofuna, þar sem framúrskarandi gestrisni húrsáðanda mætti manni, horfa yfir heimilið í öllum sinum einfaldleik, þar sem hin örugga, mjúka hönd húsmóðurinnar hafði farið um alla hluti með sinni meðfæddu listhneigð. Maður varð öruggur og rólegur, — en væri veðrið ekki tryggt, voru handtök húsmóðurinnar ekki sein, hún þekkti ægi gamla og vissi vel, að hann lætur ekki að sér hæða og betra væri sjófaranda að ná heilum í höfn en biða eftir „siddnuhaetti“ í framreiðslunni. Það var nær með óskiljanlegum hraða, hvað góðgjörðirnar þá voru fljótt framreiddar.

Börn Ingibjargar og Jóns voru sem fyrr segir fimm, tvær dætur, þrír synir. Dætrunum varð hún báðum að sjá á eftir ofan í grófina, þeirri fyrri, Málfriði, um fermingaraldur, þeirri siðari, Sigríði, liðlega tvitugri. Þaðn sára harm móðurinnar, mun enginn hafa bekkt, því Ingibjörg var trúkona mikil. En þegar hún missti í sjóinn Lárus, son sinn, sem þá var bónið á skólabúi Staðarfells, fannst það á, að henni þætti nú hönd forlaganna hafa nokkuð skammt milli stórra höggva í hinn sama knérunn. Ef til vill hefir sorgin orðið þarna svo þung, af því að þennan son sinn hafði hún fyrir fáum árum séð lostinn harmi. Þá hafði maðurinn með ljáinn farið og sótt konuna, sem hann ætlaði að stofna til hjúskapar með innan fárra daga, — en svartsýnin stóð ekki lengi, til þess var heiðrikja hugsans of björt, hún sagði seinna við mig: „Ég fyrirverð mig, að slikt skyldi koma yfir mig, að vantreysta guði. Drottinn gaf, drottinn tók, og i drottins hönd er öllu óhætt“.

Ingibjörg bjó síðustu árin í Stykkishólmi með Skúla skipstjóra, sem var henni ástrikur sonur, en dagarnir munu þó oft hafa verið langir og einveran þögul, því skipið, sem báðir synirnir fóru með, Bergsveinn skipstjóri, giftur Vilborgu Rögnvaldsdóttur og búsettur í Stykkishólmi, lá ekki alltaf í höfn. Kunnugt var mér, að ljúfara hefði Ingibjörgu verið að vita synina annarsstaðar í atvinnu en á sjónum, en til þess var lundin of rökk og sálarþrekið of mikið, að henni dytti nokkru sinni í hug að hafa áhrif í þá átt. Ingibjörg dó 26. okt. 1943, þá farin að likamskröftum; öllu tók hún því samt með sama jafnaðargeðinu, kvaðst ekki hafa meira hér að starfa.

Ég kveð þig vinkona með þökk og sakna þess, að glaða andlitið þitt aldrei framar birtist í dyrunum mínum.

Ingibjörg var Breiðfirðingur í merg og æðum og það væri þeim góð ósk að þeir ættu margar konur slikein.

Theodéra Daðadóttir.

#### Kveðið við reiðhestinn sinn:

Gamlir, elztir eru  
ég og Glói minn;  
okkar í samveru  
ég ýmsa líking finn.  
Við erum góð fyrir okkar hatt,  
alltaf þokumst áfram þó  
ekki förum hratt.

Sigríður Olafsdóttir.  
(Ólafs Briem á Grund).



**Frú Ingibjörg  
Þorsteins-  
dóttir  
Stephensen.**

**VINARKVEÐJA.**

„Seint ég kem að signa þína gröf.“

Hún lézt í Reykjavík að heimili sínu Hólabrekku 19. apríl f. á. — Þeir sem hana þekktu myndu það mæla vilja, að líf hennar, persónuleiki og þrekraunir, hefðu verið þess virði, að brugðið hefði verið upp mynd hennar í ljósi liðandi stundar. Skapgerð hennar, gáfur, tryggð og vinarþel var svo fast mótað, og i svo miklu samræmi, að ógleymanlegt verður þeim er nutu. Við hlið hennar var skjól og öryggi skilnings og kærleika. Þetta voru vöggugjafir hennar, og hún varðveitti þær til dauðadags. Hún bar þær með sér hvar sem hún fór. Hún þroskaði þær á allan hátt. Hún og allir þeir, sem með henni voru, nutu þeirra á hamingjudögum, þegar sól skein í heiði og samvistir við eiginmann og börn, veittu unað og gleði og vermdu hjartað. Og — á dögum þrauta og þjáninga — 7 ára sjúkdómslegu — lýstu þessir eiginleikar í dimmunni, til styrktar og huggunar ástvinum hennar, og öllum þeim, er af henni höfðu nokkur kynni og unnu henni og kunnu að meta sakir mannkosta og hugargöfgi.

Öll þessi ár, þessi 7 löngu ár, varð heimilið sjúkrastofa hennar. En það var ekki sjúkrastofa einmana sálar, sem allt verður að sækja til vandalausra. Nei, það var hið bezta og hlýjasta vígi sem hugsanlegt var að hægt væri að veita undir slikum kringumstæðum. Þar sem ástvinir söfnuðust saman með allt, er til gleði gat orðið, gáfu og þáðu jöfnum höndum, þar sem fullorðnir synir fóru aldrei svo til vinnu sinnar, að ekki gæfu þeir sér tíma til, að lúta að möminu í kveðju skyni. Eiginmaður og börn tóku þar höndum saman á hinna fugursta hátt. — Þar sem bókaskápurinn stóð, þar voru þeir fjársjóðir, er hún hafði nottfært sér, og unnað heilum hug, sigildar bókmenntir því hún kunni að

velja og hafna. Hún kunni að lesa. Ljóðin kunni hún og gat til þeirra gripið hvenær sem var. Þau áttu stað í hjarta hennar, þau fugurstu þeirra.

Hugsjónir hennar og áhugamál voru svo lifandi og vakandi í sál hennar, að það var þrautin þyngst, að verða að liggja óvíg á miðjum aldri, enda þótt þau hjón væru þá búin að ljúka miklu dagsverki, þar sem upp voru komin 6 börn þeirra, mannvænleg og vel mennt.

En það var þó á þessari þyrnibraut að Ingibjörg Þorsteinsdóttir — minn ógleymanlega vina — varð stærst og minnisstæðust. Þejar komið var í dyrnar að stofu hennar þá „skinu augun langt á vegi“. — Sá, sem kom og fór, hann fór að auðugri af hennar fundi. Og aðdáun á þreki hennar og trúarraun, og kærleikur og umhyggja ástvina hennar fylgdu honum æ siðan, með þeiri ósk, að allir ættu slika vernd þegar á reynir, og slikt heimili.

Enda hafði hún sjálf verið framúrskarandi góð húsmóðir, og heimilið fyrirmund að háttprýdi og reglusemi.

Ingibjörg var fædd 18. apríl 1875 að Högnastöðum í Pverárhlið. Dóttir Þorsteins Péturssonar bónaði þar, og konu hans Sigriðar Magnús dóttur.

Barn að aldri fluttist hann með foreldrum sinum til Reykjavíkur. Hún giftist árið 1902 Ögmundi Hanssnyi Stephensen, hinum ágætasta mannkostamanni, vinsælum og vel gefnum.

Þau byrjuðu búskap að Hurðarbaki í Kjós, á æskuheimili hans. Árið 1905 fluttust þau til Reykjavíkur að Hólabrekku, og bjuggu þar upp frá því.

Þau eignuðust 7 börn, dó eitt í æsku, en 6 lífa.

Þessi fáu orð eru eigi annað en eins og einn þáttur úr liðnu lifi göfugrar konu. Og fátæklegt þakklæti fyrir gleði og góð áhrif æskuáranna, og órjúfandi tryggð og vináttu til hinzu stundar.

S. E.

---

Hér eru nokkur spakmæli eftir Valtaire:

— Flestir menn deyja svo, að þeir hafa aldrei lífað.

\*

— Sá, sem ekki þolir að hugsa nema til hálfs, hann lifir ekki nema til hálfs.

\*

— Sú stjórn er bezt, sem skipuð er sem fæstum ónytjungum.

# LANDSFUNDURINN.

Ákveðið er að 6. landsfundur kvenna verði haldinn i júnimánuði n. k., og verður hann að likindum settur þ. 19. júni í Reykjavík.

Kvenréttindafélag Íslands, sem fyrir fundinum stendur, hefir skrifað kvenfélögum landsins og boðið þeim þátttöku í fundinum og óskað eftir áframhaldandi samstarfi.

Í bréfi félagsins segir m. a.:

„.... Pótt fullkomið jafnrétti væri fengið milli kynjanna væri þó mikil þörf á því að safna konum saman til þess að leggja hönd á plóginn við hlið karlmannanna til þess að pæla hið pólitiska þýfi, því konurnar hafa sömu skyldu og karlmennirnir til þess að leggja fram krafta sina til þess að búa til heilbrigtr Þjóðfélag. Þær hafa margvislega sérþekkingu frá sinu starfs-sviði og lífsreynslu sem koma myndi þjóðarbúinu að gagni, ef hún fengi að koma fram. Það er ekki hægt að tala um lýðræði þar sem karlmennirnir einir fara með völd og helmingur þjóðarinnar, konurnar, hefir engin áhrif á þjóðmálín. Að sönnu höfum við konur kosningarrétt, en enga konu eignum við á Alþingi eða í rikisstjórn — og fáar í bæja- eða sveitastjórnunum, eða nokkrum áhrifastöðum.

Petta er augljóst tákni þess, sem við vitum með sjálfum okkur: að jafnrétti karla og kvenna er enn ekki orðið að veruleika. Pótt kosningarréttur og kjörgengi sé fengið og réttur til skónanáms og embætta, þá þarf ekki annað en að lita á launakjör kvenna til þess að sjá mismuninn. Staða ekkjunnar og einstæðu móðurinnar sýnir að enn er langt frá því að vinna móðurinnar fyrir þjóðfélagið sé viðurkennd og þó hjón geti gert kaupmála og heita eigi að félagsbúið og tekjur þess sé sameign hjóna sem engan kaupmála hafa gert, þá er langt frá því að fjárhagslegt sjálfstæði giftu konunnar sé nægilega tryggt með löggjöf eða vernd almennings-álıtsins. Hin miklu slys síðustu ára hafa vakið menn til umhugsunar um skyldu okkar við sjómannaekkjurnar, en ekki hafa þó opnast augu manna á því, að sjá kjör ekkna og einstæðingsmæðra yfirleitt, og að þær eru svo margar að sjóðstofnun getur lítið bætt úr neyð þeirra, heldur verður löggjöfin að breytast þeim í hag.

Það er rétt að íslenzkar konur hafa rétt til náms við alla skóla svo og til allra embætta, með sömu skilyrðum og karlmenn. En hin fjölmörgu störf sem konur gegna í þjónustu

hins opinbera t. d. á skrifstofum ríkis og bæjar, eru ekki kölluð embætti, og fara laun þeirra því ekki eftir þessum lagaákvæðum, heldur er t. d. skrifstofustúlkum búin miklu lakari kjör en karlmönnum og njóta hvorki sömu launa né hækkunarmöguleika sem þeir. Vinna hjá einkafyrirtækjum er launuð eftir sömu reglum. Allstaðar nema i kennarastétt er mikill munur á kjörum karla og kvenna. Örfáar konur hafa komið í embætti. Komið hefir fyrir að konur hafa misst atvinnu sína vegna giftingar og banna engin lög slíkt misrétti.

Í lögunum er enn margskonar misrétti kvenna og karla vegna þess að konur hafa svo lítið um þau hugsað og fjallað. Kona missir ríkisborgararétt sinn við giftingu ef hún flytur burt úr landinu og fær ríkisborgararétt annarsstaðar — gifting hefir hinsvegar engin áhrif á ríkisborgararétt karlmanns. Fráskilin kona eða ekkja, íslenzk, allslaus í framandi landi, getur þá ekki notið aðstoðar íslenzka ræðismannsins til þess að komast heim. Í skatttalögunum er það fáranlega misrétti að kona, sem fær meðlög með börnum sinum frá fráskildum eiginmanni eða barnsföður, fær engan barnafrádrátt þótt hún helgi allan sinn vinnutíma börnunum og er skattlögd eins og hún væri barnlaus, ef hún hefir einhverjar tekjur, en faðir barnanna fær allan frádráttinn, ef hann borgar venjulegt meðalmeðlag. Og framfærsla barnana hvilir altfar þyngra á einstæðu mæðrunum heldur en á fráskildum mönnum þeirra og barnsfeðrum, þó löggjöfin sé byggð á þeiri grundvallarreglu að foreldrarnir eigi að leggja börnunum eftir getu sinni og þá eigi auðvitað meira að heimta af því foreldrinu, sem er betur launað og ekki bundið við barnið.

En það er engin furða þótt réttar kvenna sé ekki gætt i löggjöf og framkvæmd, sem konur fjalla ekkert um.

Nú eru nýjir og miklir tímar framundan. Draumur Íslands um langar, dimmar aldir er

að verða að veruleika. Ísland er að verða frjálst lýðveldi.

Aldrei hefir konum boðist annað eins tækifæri til þess að ná fullkomnu jafnrétti við karlmenn, að svo miklu leyti sem löggjöf getur skapað slikt. Nú liggur fyrir að búa til stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins, þá verða íslenzkar konur að taka höndum saman til þess að krefjast þess að sjálf stjórnarskráin tryggi heim fullkomið jafnrétti. Til þess verða konur allra flokka að bindast föstum samtökum.

Landsfundur kvenna í júlí í vor mun einkum ræða þessi aðalmál:

1. Jafnréttiskröfur kvenna og lýðraeðisstjórnarskráin.
2. Skipulagning kvenfélaga landsins um samband um kvenréttindamál.” — — —

“ — — Við skorum á kvenfélög landsins að gera sitt ítrasta til þess að senda fulltrúa á Landsfund kvenna í vor, og nota hið einstæða tækifæri til samvinnu, sem sjálfsagt kemur aldrei oftar i okkar lífi. Merkari tímamót hefir Ísland aldrei lifað. Látum það ekki verða sagt um íslenzkar konur, að þær bregðist skyldu sinni við hið unga lýðveldi. Leggjum fram okkar skerf til þess að skapa lýðræði í þessu landi með virkri þátttöku kvenna í þjóðmálum. Sameinum okkur um kröfuna um fullkomið jafnrétti karla og kvenna.

Komum sem flestar á Landsfund kvenna í vor og hjálpum til þess að gera hann ógleymanlegan.”

Í stjórn Kvenréttindafélags Íslands eru eftiraldar konur: Laufey Valdimarsdóttir formaður, Aðalbjörg Sigurðardóttir varaformaður. Meðstjórnendur: Maria J. Knudsen, Guðrún Stefánsdóttir og Charlotta Albertsdóttir.



Hjálpum til að klæða landið.

„Sú kemur tið, er sárin foldar gróa sveitirnar fyllast, akrar hylja móa, brauð veitir sonum móðurmöldin frjóa, menningin vex í lundum nýrra skóga.“

(H. Hafstein).

# MAMMA.

(Jóhanna Fr. Loftsdóttir, Borg).

O, mamma, ó, mamma, það elskáða orð á unaðar-bernskunna heim, og ungum sem gömlum þess ómur um storð ber indælan söngvanna hreim.

Er barnshjartað viðkvæma hýsti sinn harm, er hræðsla og kviði það skar, þú tókst mig í faðm, við þinn blesstaða barm, á burtu allt mótlæti var.

Ef sálarstrið baka mér samvizkan vann og sízt vildi auðsýna grið, ég sagði þér frá og þú sýndir mér Hann, sem segir: „Ég gef yður frið“.

í unaði' og sorg varstu athvarfið mitt og enn er það huga míns þrá, að halla mér ástríka hjartað við þitt og heyra það fyrir mig slá.

Þó oft værir, mamma, að efninu snauð, það ætíð var ljóst fyrir mér, að sálin þín geymir þann gimsteina-auð, sem göfgustu drottningu ber.

Og gnægð til að miðla frá Guði þú hlauzt — til góðverka lundin er fús —. Að líkna þeim bágstöddu löngum þú kaust, já, líka hinni? aumustu mós.

Því kærleikans faðmur þinn umvefur allt, sem andar og hrærist þér nær. O, værirðu horfin, hve væri þá kalt þeim verum, sem ertu svo kær.

Hve særðan oft gladdi þín sól-hlýja lund, — það sá enginn maður né veit, — og öreigann saddi þín örláta mund. Það Alfaðir himnanna leit.

Og þjáningsagan þín þeygi var skráð. En þrautirnar berðu með ró, því Frelsarinn segir: „Pér nægir míni náð“, og náðin hans veitir þér fró.

Já, hann er í lífinu hjálp þín og skjól, til himinsins vegurinn beinn, þitt eilifa lífið og sannleikans sól, er sífellt þér ljómar, — hann einn. —

Og þegar hann kallar þig þrautunum frá, að þiggja sín náðarlaun dýr, hve dásamleg verður þér dýrðarvist þá og dagurinn bjartur og nýr!

Í himninum fjársjóði finnurðu þá, sem fátækum miðlaðir hér. Í ljómanum kærleiks þeir lýsa þér frá, þú Lausnarans helgaða ker.

Hve ótal margt, mamma, ég þakka má þér,  
en það sem ég nefna vil fyrst:  
er bænirnar mörgu' er þú baðst fyrir mér  
og bentir á Drottin vorn Krist.

Og sjálfa þig fel ég nú handleiðslu hans  
í heimi' og um eilifðarstig.  
Hann geymir þér réttlætis gullfagran krans.  
Hann gleðji og varðveiti þig.  
(Ingibjörg Sumarliðadóttir).

## Að þetta skuli vera haft fyrir skemmtun.

Sumar skemmtanir Reykvikings takast ekki betur en það, að fólkisíð kemur þreytt og leitt heim aftur. Unglingsstúlka andvarpaði er hún kom af einni þeirra: „Að þetta skuli vera haft fyrir skemmtun“. Þá er betra að skrifa í Nýtt kvennablað og útbreiða það en elta skemmtanafifið, ef þannig blæs.

Í síðasta blaði skipti Rannveig Kristjánsdóttir konum í fjóra hópa, þrjá starfandi og einn iðjulausan. Í þriðja hóp, strafandi kvenna, eru þær konur, sem hafa löngun til að sinna fleiri störfum en heimilisstörfum, og telja bann við sliku skerðingu á einstaklingsfrelsi sinu og „neita því að binda konuna einungis við grautarpotta og bleyjuþvott“.

